

Fundargerð 467

Föstudaginn 7. desember 2018 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) stjórnarformaður, Einar E. Einarsson (EEE), Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) (í síma) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ) (í síma). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 2-4) Kristján Þ. Halldórsson (KÞH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gunnar Þór Sigbjörnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 8:33 og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Starfs- og rekstraráætlun 2019 – til afgreiðslu
3. Lánamál – til afgreiðslu
4. Reglur um meðferð kvartana – til afgreiðslu
5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 – til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar
7. Brothættar byggðir – almenn kynning og málefni Bakkafjarðar
8. Aðkoma Byggðastofnunar að úrlausn rekstrarvanda minkabænda
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerð höfðu verið sett í fundargátt stofnunarinnar fyrir fund nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nr. 466. Engar athugasemdir komu fram og bar formaður upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Starfs- og rekstraráætlun 2019 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá Starfs- og rekstraráætlun ársins 2019. AÞ fór yfir helstu breytingar sem hafa orðið á áætluninni sem lögð var fyrir síðasta fund stjórnar. Kynnti hann síðan helstu verkefni ársins 2019.

HÁ kom á fundinn.

Til máls tóku IG og KB

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun ársins 2019 og var hún samþykkt samhljóða.

3. Lánamál - til afgreiðslu

...

...

...

...

AME sagði frá fundi lánanefndar með fulltrúum frá RML þar sem farið var yfir stöðu landbúnaðar og rekstraráætlana þeirra.

...

4. Reglur um meðferð kvartana

HÁ kynnti stefnu um meðferð kvartana. Skv. reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1001/2018 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja skulu fjármálafyrirtæki setja sér skriflega stefnu um meðhöndlun kvartana sem stuðlar að því að kvartanir hljóti skjóta, skilvirka og sanngjarna meðferð. Fyrir fundinum lá tillaga um stefnuna, ofangreindar reglur og minnisblað HÁ.

Formaður bar upp stefnuna og var hún samþykkt samhljóða.

HÁ vék af fundi.

5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 - til kynningar

AÐ fór yfir stöðu verkefna á starfsáætlun sem lá fyrir fundinum. Upplýsingar um stöðu rekstrar 30. nóvember verður send stjórn í næstu viku. Fjallaði hann síðan um fundi með þingflokkum um brothættar byggðir, flutningsjöfnun, Eyrarrósina o.fl.

MH upplýsti að tilboð í endurskoðun á ársreikningum Byggðastofnunar hefðu verið opnuð í síðustu viku og Endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar hefði fjallað um tilboðin. Ríkisendurskoðun myndi í framhaldinu gera samning við lægstbjóðanda. Fundargerð endurskoðunarnefndar yrði sett í fundargáttina eftir helgi.

Formaður gerði fundarhlé kl. 9:56. Fundur var aftur settur kl. 10:20.

6. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

Fyrir fundinum lágu fundargerðir lánanefndar nr. 39/18 og 40/18 sem AME kynnti.

KPH kom á fundinn

7. Brothættar byggðir og málefni Bakkafjarðar

KPH fór yfir og kynnti verkefnið Brothættar byggðir.

Allir stjórnarmenn tóku þátt í umræðunni auk AÐ.

Þátttaka Bakkafjarðar í verkefninu Brothættar byggðir

Fyrir fundinum lá minnisblað starfsmanna til stjórnar, minnisblað samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til Ríkisstjórnar Íslands og skýrslan Málefni byggðarinnar við Bakkaflóa.

Vorið 2017 var í kjölfar íbúafundar stofnaður starfshópur sem var ætlað að fjalla um alvarlega stöðu Bakkafjarðar og nærsveita. Hópurinn skilaði greinargerð með tillögum í febrúar s.l. og var henni komið til forsætisráðherra í mars. Í kjölfarið var skipuð nefnd með fulltrúum fimm ráðherra. Með nefndinni starfaði sérfræðingur sveitarstjórnar- og samgönguráðuneytis og Byggðastofnun lagði til starfsmann með nefndinni. Í skipunarbréfi kom fram að; „*Verkefni nefndarinnar verður að yfirfara tillögur starfshóps um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa og gera tillögur til ríkisstjórnar um viðbrögð stjórnvalda*”. Nefndin lauk störfum fyrir skömmu og þann 23. nóvember s.l. ákvað ríkisstjórn á fundi sínum að samþykkja tillögur nefndarinnar. Þær eru í grófum dráttum eftirfarandi:

1. Bætt verði við að lágmarki 150 þíg. tonnnum við aflaheimildir úr sértæku aflamarki
2. Lagðar eru til vegabætur
3. Brothættar byggðir – lagt er til að byggðin við Bakkaflóa verði tekin strax inn í verkefnið
4. Gerður verði samfélagssáttmáli að frumkvæði sveitarstjórnar
5. Skoðað verði að koma á fót starfsstöð í náttúrurannsóknnum á Bakkafirði.

Kostnaður ríkisins af ofangreindum tillögum yrði allt að 40 m.k.r á ári ef frá eru taldar vegabætur og aflaheimildir. Lagt er til að Byggðastofnun verði falin umsjón með verkefninu.

Í ljósi ofanritaðs leggja starfsmenn stofnunarinnar til að þegar verði hafist handa um verkefnið á Bakkafirði og byggðarlagið tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir. Meðal annars verði haft samband við sveitarstjórn Langanesbyggðar og íbúa byggðarlagsins og næstu skref ákveðin. Forsenda fyrir þessu er að ofangreint fjármagn til verkefnisins fái greitt úr ríkissjóði.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

8. Aðkoma Byggðastofnunar að úrlausn rekstrarvanda minkabænda

EEE vék af fundi.

Byggðastofnun vann í sumar minnisblað um hvernig hægt væri að koma að vanda loðdýrabænda. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafa gert ríkisstjórninni grein fyrir stöðu þessara mála og jafnframt lagt til þrjár aðgerðir til að bregðast við vandanum og koma þær fram í bréfi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til stjórnar Byggðastofnunar dags. 7. desember 2018 sem dreift var á fundinum auk minnisblaðs frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um möguleika á ríkisaðstoð til loðdýrabænda og minnisblað Byggðastofnunar um stöðu minkaræktar á Íslandi og hugsanleg ríkisaðstoð vegna langvarandi rekstrarvanda.

AÐ lagði til eftirfarandi bókun:

„Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er vegna erfiðleika í loðdýrarækt samþykkir stjórn Byggðastofnunar að hefja vinnu við stofnun nýs lánaflokks vegna rekstrarvanda í greininni. Gert er ráð fyrir því að í fyrsta áfanga verði varið að lágmarki 100 mkr. til lánaflokksins. Útfærsla lánaflokksins og skilyrði fyrir lánveitingum til einstakra aðila taki mið af ákvörðun

ríkisstjórnar og Alþingis um framlög í varasjóð Byggðastofnunar vegna sérstakrar áhættu af lánunum. Einnig þarf að gæta þess að lánveitingar úr slíkum lánafllokki uppfylli kröfur sem gerðar eru skv. reglum EES samningsins um minniháttar aðstoð sem og kröfur um lágmarksveð. Jafnframt verður við útfærslu lánaflokksins haft samráð við viðkomandi ráðuneyti auk fulltrúa bænda í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Í þessu samhengi þarf einnig að huga að stöðu fóðurstöðva fyrir greinina.“

Formaður bar upp bókunina og var hún samþykkt samhljóða.

EEE kom aftur á fundinn.

9. Önnur mál

Aflamark í Grímsey

AÐ sagði frá umsóknum sem komu í aflamark Byggðastofnunar í Grímsey. Ekki er komið álit frá Akureyrarbæ og því er málinu frestað.

Lýðháskólinn á Flateyri

Formaður benti á góð byggðaáhrif Lýðháskólans á Flateyri og nefndi einnig fyrirtækið Kara Connect sem veiti sérfræðiaðstoð í gegnum netið. Þarna væri dæmi um verkefni sem hefur skilað árangri og þjónustu sem sé mikilvægt útfrá byggðasjónarmiði að tryggt aðgengi sé óháð búsetu.

Í umræðu tóku þátt GÐ, KB, MaH og SJ

10. Næsti fundur

Næsti fundur verður 18. janúar 2019 á Húsavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:10

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____